

Fjárhagsáætlun

Mýrdalshrepps

fyrir árið

2012

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar

15. desember 2011



Frumvarp að fjárhagsáætlun 2012

1. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2012

Frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2012, er hér með lagt fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Mýrdalshrepps. Frumvarpinu fylgir greinargerð tölulegar upplýsingum um A hluta sveitarsjóðs og samantekin A og B hluta.

Rekstrarafgangur sveitarsjóðs (A-hluta) og stofnana (samstæða A og B hluta) fyrir fjármagnsliði er áætlaður 19,7 m.kr. króna. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 16,2 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar rúmar 3,9 m.kr. og rekstrarafgangur A hluta 7,2 m.kr.

Afborganir langtímalána á árinu 2012 verða um 21 m.kr.

Á árinu 2012 verður markvisst unnið að hagræðingu í öllum rekstri sveitarfélagsins, þó með það að markmiði að standa vörð um grunnþjónustu við íbúa og styðja eins og kostur er við alla frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Á árinu 2012 er fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 39,8 m.kr. Stærstu verkefni verða viðbygging við Víkurskóla til að hægt verði að sameina allar deildir skólans undir einu þaki. Samhliða verður unnið að því að koma í veg fyrir lekavandamál í skólanum. Stefnt er að því að hefja vinnu við lokafrágang fráveitumála í sveitarfélaginu og vinnu við endurbætur á félagsheimilinu Leikskálum.

2. Forsendur

Í greinargerðinni hér á eftir er fjallað um helstu forsendur fjárhagsáætlunar og um áætlanir einstakra málaflokka. Ramminn um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga er að verulegu leyti settur í nýjum sveitarstjórnarlögum, en skv. þeim er óheimilt að reka sveitarsjóð með halla.

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, fasteignasköttum og lóðarleigu.

Fjárhagsáætlun 2012 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 275,4 m.kr. samanborið við 266 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010. Munar þar mestu um talsverðar hækkningar á fasteignamatí í sveitarfélaginu.

Útsvar:

Launahækkningar urðu litlar á fyrrihluta ársins 2011, en flestir kjarasamningar hækkðu um 4,5 – 5% við síðustu samning og svo verða aftur hækkningar 1. mars 2012 um 3,5% í þessari áætlun

er því gert ráð fyrir 5 % launahækkun og samsvarandi hækkun staðgreiðslu milli ára. Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður áfram 14,48%.

Talsverð fólksfækkun hefur orðið í Mýrdalshreppi á síðustu tveimur árum, en þó hafa útsvarstekjur ekki lækkað að sama skapi. Stafar það m.a. af því að stór hluti þeirra sem fluttu í burtu voru börn og tekjulágir einstaklingar. Að teknu tilliti til þessa er gert er ráð fyrir að útsvarstekjur á næsta ári hækki um 5% verði verði 147 m.kr. á árinu 2012 samanborið við 140 m.kr. í endurskoðaðri fjárhagsáætlun þessa árs 2011.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Við endurmat fasteigna hefur matið hækkað talsvert milli ára eða a.m.t. um 15%. Við þrönga stöðu sveitarsjóðs er ákveðið að álagningarforsendur breytist ekki milli ára, en þó er gert ráð fyrir að lóðarleiga hækki upp í 1,5% af fasteignamati. Með eftirfarandi álagningarprósentum vera fasteignaskattar samtals um 35,4 m.kr. og lóðarleiga 4 milljónir.

Við gerð áætlunar er gert ráð fyrir eftirfarandi álagningarprósentum:

- Fasteignaskattur A: 0,53 % af fasteignamati.
- Fasteignaskattur B: 1,32 % af fasteignamati.
- Fasteignaskattur C: 1,65% af fasteignamati.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Lóðarleiga atvinnuhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Framlög jöfnunarsjóðs eru áætluð 89 m.kr. 2012, samanborið við áætlaðar 100 m.kr. á þessu ári. Framlöggin eru nokkuð óviss sem skýrist nokkuð af eftirfarandi:

Greiðslur vegna aukaframlags falla að mestu niður á árinu. Tekjujöfnunarframlagið var á árinu 2010 um 22 milljónir, en ekki nema rúmar 6 milljónir á árinu 2011. Þetta stafar af því að framlagið er reiknað út miðað við íbúafjölda og þar sem veruleg fækkun íbúa varð á síðasta ári, en tekjurnar breyttust ekki að sama skapi þá voru tekur Mýrdalshrepps á íbúa farnar að nálgast meðaltal tekna sveitarfélaga með 300 – 10.000 íbúa. Á árinu 2012 er þó gert ráð fyrir því að tekjujöfnunarframlagið gæti skilað sveitarfélaginu 10 milljónum, en það er þó eins og áður segir nokkurri óvissu háð.

Önnur fasteignatengd gjöld:

Vatnsskattur hefur verið mjög lár í sveitarfélaginu miðað við önnur sveitarfélög, því er gert ráð fyrir nokkurri hækkun þessa liðar eða um 30 % milli ára og verður 12.640.- Vert að skoða að vatnsskatturinn verði ákveðin prósentu fasteignamats.

Holræsagjöld verða 0,17 % af fasteignamati.

Sorpgjöldin hækka um 6,2% milli ára Sorphirðugjaldið kr. 17.200, en sorpeyðingargjaldið verður 17.700 kr.

Fræðslu- og skólamál

Víkurskóli.

Stefnt er að viðbyggingu við Víkurskóla á árinu 2012, hér áætlað um 175m² húsnæði sem skiptist þannig: Smíðastofa 50m², kennslueldhús 45m², tengibygging milli skólans og íþróttahússins um 30 m² og síðan um 50m² sem munu nýtast sem anddyri fyrir leikskólann og aðstaða fyrir starfsfólk leikskóladeildar. Áætlaður kostnaður vegna þess er um 43.5 milljónir, en reiknað er með að sá kostnaður vinnist hratt til baka í rekstrarsparnaði á næstu árum með hagræðingu.

Stefnt er að því að framkvæmdum utanhúss og fullnaðarfrágangi á húsnæði leikskólans og leiksvæði verið lokið 15. ágúst n.k. Stefnt er því að hægt verði að taka smíðastofu og kennslueldhús í gagnið á skólaárinu 2012 – 2013.

Ekki verður komist hjá því að á meðan á þessum framkvæmdum stendur þá verur dregið úr öllum öðrum framkvæmdum og búnaðarkaupum.

Leikskólinn. Veruleg fækkun hefur orðið í leikskólanum á síðustu misserum. Í dag eru 19 börn í skólanum en frá ágúst á næsta ári er líklegt að þau verði ekki fleiri en 15 – 16. Gert er ráð fyrir 5,5 stöðugildum fram að flutningi í nýtt húsnæði, en 4,5 eftir það miðað við þennan barnafjölda. Gjaldskrá leikskóla verður ekki hækkuð á árinu 2012 en gjald fyrir hádegismat og hressingu hækkar um 6%, en felldur verður niður gjaldfrjáls tími elstu barna.

Grunnskólinn. Með tilliti til verulegrar fækkunar barna verður rekstur grunnskóladeildar Víkurskóla og starfsmannahald endurskoðað á árinu. Reiknað er með því að á næsta ári verði 49 börn í skólanum í 4 bekkjardeildum og mun starfsmannahald taka mið af þessari stöðu. Sérstaklega verður reynt að draga úr öllum fjarvistum í skólanum með ströngu aðhaldi.

Tónskólinn. Starfsemin í Tónskólanum verður með hefðbundnum hætti. Gert er ráð fyrir því að gjald í tónskólann hækki um 10% á næsta ári, með sömu afsláttarreglum og hingað til.

Æskulýðs og íþróttamál

Íþróttafulltrúi og íþróttamiðstöð. Áfram er gert ráð fyrir því að íþróttafulltrúi verði í hálfu starfi hjá sveitarfélaginu. Starf hans felst í umsjón með starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar, en um leið að sinna þar almennum umsjónar og gæslustörfum eftir aðstæðum. Mikið atrið er að finna leiðir til að auka og bæta nýtingin á þeirri fínu aðstöðu til íþróttaiðkana sem komið hefur verið upp hér í Vík. Nýtingin á sundlauginni hefur verið léleg og er e.t.v. rétt að taka til skoðunar að henni verið lokað í 2 – 3 köldustu mánuði ársins. Brýnt er að skoða allar leiðir til að hægt verði að auka hitastigið í lauginni.

Íþróttafélög. Gert ráð fyrir 1 m.kr. til Kötlu skv. samningi, 0,5 m.kr. til golfklúbbs vegna vélaleigu og 0,3 m.kr. til Hestamannafélagsins Sindra vegna reiðstíga og æskulýðsstarfs.

Brunamál og almannavarnir

Slökkvistöð. Eldvarnarmálin eru komin í lag með samstarfi við nágrannasveitarfélögin og verður því samstarfi haldið áfram. Gert verði ráð fyrir 550 þúsundum til verkefnisins. Ekki verður heldur hægt að komast hjá því að endurnýja eitthvað af búnaði slökkviliðsins.

Björgunarsveitin. Gert ráð fyrir 1 m.kr. í heildarstyrk skv. samstarfssamningi.

Skipulags- og byggingarmál.

Aðalskipulag. Gert er ráð fyrir því að helmingur áætlaðs kostnaðar okkar af endurskoðun aðalskipulagsins frá síðasta ári komi til greiðslu á árinu 2012.

Skipulags- og byggingarfulltrúi. Skipulags- og byggingarfulltrúi verður áfram í hlutastarfi, en gert er ráð fyrir mun minni vinnu á þessu ári en því síðasta. Sveitarstjóri mun reyna eftir bestu getu að sjá um nokkurn hluta þessa starfs meðfram öðru.

Umferðar og samgöngumál.

Gatnagerð. Helstu gatnagerðarverkefni ársins verða í endurnýjun gangstétta á Víkurbraut. **Slitlag.** Farið var í gagngera endurnýjun á slitlaginu í þorpinu á síðasta ári, en helmingur þess framkvæmdakostnaðar kemur til greiðslu á árinu 2012.

Ýmis brýn verkefni verða því að bíða.

Suðurvíkurvegur. Þarf að klára gangstétt meðfram veginum frá Hátúni (ekki með)

Hátún. Gangstéttin frá Suðurvíkurvegi og upp að heilsugæslu er ónýt (ekki með)

Skólabraut. Ath. að gera þessa götu að einstefnugötu? Búið að setja kantstein með götunni nauðsynlegt að klára stéttina ef kostur er. (ekki með)

Umhverfismál

Guðlaugsblettur. Ganga þarf frá skipulagi á svæðinu. Ganga þarf frá stígum á blettinum, og í kringum hann og gróðursetja þar 1 – 2 metra tré í stað þeirra sem eru að drepast. Aspir ættu hér vel við því þær þurrka upp blettinn.

Hrapið. Sveitarstjórn þarf að fylgjast með og styðja það framtak sem komið er af stað við að endurbyggja eitthvað að kartöflugörðunum í Hrapinu og svæðinu í kring.

Minka- og refaeyðing. Gert ráð fyrir ríkisframlagi til minkaveiða, en ekki refa sbr. bréf Umhverfisstofnunar frá því í haust. Þessi mál þarf að taka til skoðunar.

Atvinnumál.

Atvinnuþróunarfélag. Gert ráð fyrir 0,4 m.kr. greiðslu til APS samkvæmt samþykkt sem gerð var á aðalfundi félagsins.

Markaðsstofa Suðurlands. Gert er ráð fyrir 0,3 m.kr. til Markaðsstofu Suðurlands samkvæmt samkomulagi sem framlengt hefur verið í næstu fjögur ár.

Kynningar og ferðamál. Gert er ráð fyrir stuðningi við áframhaldandi uppbyggingu Kötluaseturs 3,5 milljónir á árinu 2012. Vonast er til að aðrir styrkir fái til starfseminnar, en nú hefur því verið breytt að ekki er lengur hægt að sækja um fé á fjárlögum til svona starfsemi. Ætlunin er að sækja í menningarsjóðinn sem kemur í staðinn og eins í Húsafríðunarsjóð bæði til að koma Halldórsbúð í það horf að húsið skemmist ekki meira og til viðhalds í Brydebúð, en þar er nú komið að því að mála og lagfæra gólf.

Sameiginlegur kostnaður.

Óbreytt starfsemi verður á skrifstofu sveitarfélagsins á árinu, en ekki verður komist hjá því að endurnýja tölvubúnað ritara og skrifstofustjóra. Áfram verið stíft aðhald í öllum útgjöldum og aðeins kr. 300 þúsundum varið til auglýsingar og kynningarmála. Þennan þátt er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar í samstarfi við Kötluasetur og ferðaþjónustuaðila því endalaust er þrýst á sveitarfélagið að taka þátt í kynningum og auglýsingum í hinum ýmsu bæklingum og kynningarefni.

Eignasjóður

Víkurskóli. Byggt verður við Víkurskóla um 175m² húsnæði. Fyrir smíðastofu 50m², kennslueldhús 45m² og tengibyggingu milli skólans og íþróttahússins um 30 m² og síðan um 50m² sem munu nýtast sem anddyri fyrir leikskólann og aðstaða fyrir starfsfólk. Áætlaður kostnaður vegna þess er um 43.5 milljónir.

Stefnt er að því að framkvæmdum utanhúss og fullnaðarfrágangi á húsnæði leikskólans og leiksvæði verið lokið 15. ágúst n.k. Stefnt er því að hægt verði að taka smíðastofu og kennslueldhús í gagnið á skólaárinu 2012 – 2013.

Ekki verður komist hjá því að á meðan á þessum framkvæmdum stendur þá verur dregið úr öllum öðrum framkvæmdum og búnaðarkaupum.

Víkurskóli grunnskóladeild. Ekki verður komist hjá því að halda áfram að lagfæra þak grunnskólans, en sú vinna sem þar hefur verið unnin hefur skilað góðum árangri. Áætlað að kostnaður við það verk verði um 2 milljónir.

Víkurskóli leikskóladeild. Stefnt er að því að leikskóladeildin verði flutt skólabygginguna áður en næsta skólaár hefst eða fyrir 15. ágúst 2012, og verða þá allar deildir Víkurskóla undir sama þaki. Samhliða því að unnið verður að skólabyggingunni þá verður unnið að því að koma leiksvæði leikskóladeildar fyrir.

Lagt er til að húsnæði leikskóladeildarinnar í Suðurvík verði selt og andvirði nýtt til uppbyggingar við Víkurskóla. Þessi sala ætti líka að draga úr rekstrarkostnaði við leikskóla þegar fram í sækir.

Austurvegur 17. Húsið þarfnast verulegs viðhalds. Þakið var dæmt ónýtt og eins þarf að gera við allt þakskeggið, múrskemmdir og mála allt húsið að utan. Á síðasta ári var áætlað að fara í þakviðgerð og áætlað í það verk. 1.m.kr, sama áætlun er uppi í ár.

Leikskólar. Gera verður á því húsi verulegar endurbætur. Húsið lítur illa út og allt gler í því er ónýtt. Ráðist verður í að endurbæta alla salernisaðstöðu og koma þar fyrir snyrtingu fyrir fatlaða að kröfu Heilbrigðiseftirlitsins sem hefur verið margítrekuð. Gluggar á austurhlið hússins eru ónýtir og óþéttir. Áformað er að loka þeim gluggum með sérstökum spjöldum og tryggja eins og kostur að húsið veði vatnshelt.

Skafthellingsbúð. Gert ráð fyrir kaupum á gleri í húsið.

Gámavöllur. Gámasvæðinu þarf að loka og manna vöktun á ákveðnum opnunartímum. Til að það verði hægt þarf að klára endurbygginu vallahússins. Auk þess þyrfti að klára að girða svæðið af og reyndar að koma þar upp aðstöðu til að taka á móti spilliefnum.

Ránarbraut 15. Þakkantar á húsinu eru ónýtir. (ekki á áætlum)

Hjallatún. Lagfæra glugga og mála. einnig þarf að taka hluta af þakinu upp og lyfta því til að koma í veg fyrir leka. (ekki inni í áætluninni)

Suðurvíkurvegur 10h, 10v og 10ha, 10va. Það verður að lagfæra vindskeiðar á báðum húsunum og eins eru þessar íbúðir farnar að láta verulega á sjá og þarfnast mikils viðhalds. Í áætluninni er gert ráð fyrir því að lagfæra þakkanta á öðru húsinu.

Þjónustumiðstöð.

Gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum í þjónustumiðstöðinni allt árið, en að þriðji bætist við yfir sumarmánuðina. Endurnýja þarf eitthvað af tækjum og verkfærum fyrir sumarið.

Vatnsveita.

Hefðbundið viðhald. Gjaldskrá hækki um 30% frá síðasta ári.

Hitaveita.

Vinna þarf í því á árinu að finna varanlega lausn á þessum málum. Eins og fjárhagsstaða sveitarfélagsins er þá er ekki hægt að fara í borun vinnsluholu eða tilraunaholu nema til þess fáist víkjandi lán úr ríkissjóði. Önnur leið er að nýta þá holu sem fyrir er, eða það vatn sem fánlegt er á Höfðabrekku og keyra það í gegnum varmadælu til að ná upp hita. E.t.v. er

einnig rétt að skoða þá leið sem verið er að huga að í Vestmannaeyjum að nota varmann úr sjónum og varmadælu.

Fráveita.

Bráðnauðsynlegt er að koma frárennslismálum úr vesturhluta byggðarinnar í viðunandi horf. Ekki var fýsilegt að leggja leiðslu í sjóvarnargarðinn svo einu leiðirnar sem koma til greina eru rotþró með yfirfalla vegna rigningarvatns eða hreinsibúnaður og yfirfall fyrir rigningarvatn. Í áætlun er gert ráð fyrir því að hafist verið handa við að koma þessum málum í lag og er 7 milljónir settar í þennan undirbúning á árinu.

Fjármögnun

Ekki verður hægt að ráðast í allar þær framkvæmdir sem hér eru upp taldar án þess að taka verulega hátt lán hjá lánasjóði sveitarfélaga. Hér áætlað 33 milljónir króna.

Aðrar gjaldskrár:

Gjaldskrár íþróttamannvirkja verður hækkuð um 5% frá árinu 2011.

Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi verður óbreytt milli ára eða kr. 7.000 á hvert dýr.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun ársins 2012 byggist á áætlunum einstakra deilda um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og vinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjar- og ráðningarsamninga. Talsverðar launahækkningar urðu við gerð kjarasamninga á árinu 2011 og þeir hækka um 3,5% í mars 2012.

Almennir rekstrarliðir:

Eðlilegt er að reikna með því að innri húsaleiga hækki milli ára í takt við þróun vísitölu neysluverðs, en áætlað er að hún hækki um 5% á næsta ári.

Almennir rekstrarliðir eru áætlaðir út frá metinni þörf en gætt var verulegs aðhalds við áætlun þessara liða.

Stefna ber að hagræðingu í innkaupum í samræmi við innkaupareglur sveitarfélagsins og með útboðum á þjónustupáttum sem skipta máli og er hægt að bjóða út.

Hagræðing:

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir því að hagræða í rekstri eins og kostur er. Grunnþjónusta verður þó ekki skert.

Fjármagnsliðir:

Vaxtaútreikningar í áætlun ársins 2012 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 3,7% á árinu 2012 í samræmi við spár Hagstofunnar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2012.

Samantekin álagningarhlutföll og breytingarþjónustugjalda 2012:

- Fasteignaskattur A: 0,53% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur B: 1,32% af fasteignamati.
- Fasteignaskattur C: 1,65% af fasteignamati.
- Lóðarleiga íbúðarhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Lóðarleiga atvinnuhúsnæði: 1,50% af lóðarmati.
- Vatnsgjald: 12.640 krónur á íbúð.
- Holræsagjald: 0,17% af fasteignamati og lóðarmati.
- Sorphreinsunargjald: 17.200 kr. á heimili.
- Sorpeyðingargjald: 17.700 kr. á heimili.
- Gjaldskrá leikskóla: Óbreytt milli ára.
- Gjaldskrá Tónskóla: Hækki um 10 % milli ára.